

**Sþ.**

## **960. Nefndarálit**

um till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og ekki orðið á einu máli um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Þórður Benediktsson, Björn Kristjánsson, Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson, Steingrímur Aðalsteinsson, Sigurður Kristjánsson og Guðm. Í. Guðmundsson, leggur til, að tillagan verði samþ., en áskilur sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur og afstöðu til málssins skv. afgreiðslu breytingartillagna. Sigurður Kristjánsson undirritar nefndarálit með fyrirvara, sem hann mun gera nánar grein fyrir undir umræðum. Pétur Ottesen vill ekki fylgja tillöggunni og mun gera grein fyrir afstöðu sinni sérstaklega. Gísli Jónsson hefur óbundnar hendur um afgreiðslu málssins.

Peir SkG, BK og HelgJ taka þetta fram:

Ríkisstjórnin hefur fest kaup á 30 togurum, og þessum skipum þarf að ráðstafa. Búið er að samþykkja að veita lán með ríkisábyrgð fyrir 75% af andvirði togaranna gegn bakábyrgð bæjar- og hreppsfélaga. Verð togaramna er hins vegar svo hátt, að allt bendir til, að verði hér ekki meira að gert, muni svo að segja allir togararnir fara á tvo staði, Reykjavík og Hafnarfjörð. Slikt teljum við ekki heppilegt og viljum því, eins og málum þessum er nú komið, mæla með því, að tillaga þessi verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson,  
fundaskr., frsm.

Þórður Benediktsson.

Skúli Guðmundsson.

Steingr. Aðalsteinsson.  
Helgi Jónasson.

Sig. Kristjánsson.

B. Kristjánsson.